

Verum næs!

Á vordögum 2014 kynnti Rauði krossinn á Íslandi niðurstöður rannsóknarinnar *Hvar þrengir að?* sem miðar að því að greina þá hópa sem höllustum fæti standa í íslensku samfélagi.

Rannsóknin er gerð á fjögurra ára fresti og notuð sem leiðarvísir fyrir landsfélagið og deildir þegar kemur að forgangsröðun og skipulagningu verkefna. Þau verkefni sem eru í brennidepli Rauða krossins í dag taka mið af niðurstöðum rannsóknarinnar.

Í niðurstöðum *Hvar þrengir að?* frá 2014 kemur mjög berlega í ljós að fólk af erlendum uppruna er einn af þeim hópum sem þurfa stuðning og málsvara. Viðmælendur í rannsókninni töldu jafnframt nær undantekningarlaust að fordómar væru vaxandi.

Til að bregðast við þessu hefur Rauði krossinn eflt samstarf sitt við innflytjendur, hælisleitendur og flóttafólk og tekið opinbera og einarða afstöðu gegn fordómum. Hlutleysiskrafan sem er svo rík í okkar starfi þýðir ekki að við tökum enga afstöðu í erfiðum málum, við tökum alltaf afstöðu með mannúð og mannvirðingu, vinnum með og tölum máli þeirra sem eru beskjaldaðir eða standa höllum fæti.

Á vordögum 2015 hófst tveggja ára átaksverkefni undir yfirskriftinni *Vertu næs!* sem hefur það að markmiði að fræða um og ræða fordóma og mismunun í garð innflytjenda og flóttafólks sem sest hefur að á Íslandi og vinna þannig í anda grundvallarhugsjóna Rauða krossins um mannúð, óhlutdrægni og hlutleysi.

Á aðalfundi félagsins í maí var samþykkt ályktun sem fjallar um mikilvægi þess að sporna gegn fordómum og mismunun í íslensku samfélagi.

Ályktunin hljóðar svo:

Byggjum betra samfélag, nýtum kosti fjölbreytileikans og tökumst á við áskoranirnar sem honum fylgja.

Aðalfundur Rauða krossins á Íslandi ályktar um mikilvægi þess að sporna gegn fordómum og mismunun í íslensku samfélagi. Mikilvægt er að nýta kosti fjölbreytileikans og á sama tíma takast á við áskoranir sem honum fylgja.

Rauði krossinn hvetur stjórnvöld og landsmenn alla til að stuðla að friðsamlegri og vinsamlegri sambúð allra íbúa landsins sem grundvallast á sterkri lýðræðishefð, samfélagsþátttöku og mannréttindum.

Það er samfélaginu til hagsbóta að allir búi við jöfn tækifæri til áhrifa, samræðu og þátttöku. Þannig njótum við öll þess félagsauðs sem verður til í fjölbreyttu samfélagi.

Á sama tíma leggjum við, sjálfboðaliðar og starfsfólk Rauða krossins, áherslu á að:

1. allir geti tekið þátt í starfi Rauða krossins á jafnréttisgrundvelli.
2. bera jafna virðingu fyrir öllum óháð uppruna eða lífsskoðunum.
3. vinna í þágu berskjaldaðra með grundvallarhugsjónir okkar um mannúð, hlutleysi og óhlutdrægni að leiðarljósi.
4. berjast gegn fordómum, mismunun og hatursorðræðu sem beinist að fólki vegna þjóðernis, menningar, trúar eða skoðana.

Nú þegar verkefni er að fara af stað eftir sumarfrí er gott að hnekkja á afstöðu Rauða krossins á Íslandi til fordóma og fjölbreytileika. Jafnframt er mikilvægt að gefa sjálfboðaliðum og öðrum talsmönnum Rauða krossins tækifæri til þess að ræða saman um hvers vegna félagið tekur þessa einörðu afstöðu gegn fordómum og hvaða þýðingu það hefur fyrir hvert og eitt okkar sem sinnum verkefnum merkjum hreyfingarinnar.

Verkefni í kynningarviku.

1. Horfa á teiknimynd um sögu fjölmenningar (3.5 mínútur):
<https://www.youtube.com/watch?v=ZdRkXONjyXY>
2. Mynda umræðuhópa og ræða hvernig fordómaumræðan málsvarastarf í þágu fólks af erlendum uppruna tengist grundvallarmarkmiðunum sjö.